

*Tólfta starfsár*

Sumartónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Erla Þórólfsdóttir  
sópran  
William Hancox  
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 22. ágúst 2000 kl. 20:30

**Erla Þórólfsdóttir** er fædd í Stykkishólmi og hóf píanónám ung að aldri, fyrst hjá Hauki Guðlaugssyni á Akranesi, síðan hjá Agnesi Löve og Rögnvaldi Sigurjónssyni í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Haustið 1985 hóf hún nám við Söngskólann í Reykjavík fyrst hjá Katrínu Sigurðardóttur og síðan hjá Puríði Pálsdóttur og Jórunni Viðar. Erla lauk einsöngvaraprófi vorið 1993 og fór í framhaldsnám við Trinity College of Music í London árið 1996, og lauk þaðan prófi 1998. Meðal helstu kennara hennar í London eru Laureen Livingston, William Hancox, Ron Murdock og Sigríður Ella Magnúsdóttir. Á námsárum sínum í Reykjavík var Erla félagi í kór Íslensku Óperunnar, hún raddþjálfaði og stjórnaði ýmsum kórum og kenndi við Tónlistarkóla Arnesinga og Söngskólann í Reykjavík. Erla hefur tekið þátt í þremur keppnum á námsárum sínum í London og komist í undanúrslit í þeim öllum.

**William Hancox** píanóleikari var nemandi Joseph Weingarten. Hann leggur mikla rækt við að flytja nútímatónlist, enda hefur hann frumflutt mörg verk eftir núlifandi tónskáld. Hann hefur komið víða fram bæði sem einleikari og í kammermúsík. Hancox starfar við Weingarten Ensemble, bæði sem píanóleikari og listrænn stjórnandi, en þessi tónlistarhópur hefur hlotið verðskuldaða athygli gagnrýnenda. Hann hefur kennt við Guildhall School of Music and Drama, Trinity College of Music og Britten-Pears School í Aldeburgh auk þess sem hann heldur reglulega meistaranámskeið í píanóundirleik og er eftirsóttur undirleikari með söngvurum.

### *Efnisskrá*

Hugo Wolf  
1860 - 1903

Er ist's  
Mausefallen-Sprüchlein  
Bescheidene Liebe  
Elfenlied

Francis Poulenc  
1899 - 1963

La Court Paille

Malcolm Williamson  
f. 1931

From a Child's Garden

Richard Strauss:  
1864 - 1949

Ich wollt' ein Sträusslein binden  
Muttertändelei  
Ich schwebe  
Amor